

Sæl og blessuð - **Vetrarfrí framundan og hugleiðingar um skólasókn**

Nú eru 10 vikur liðnar af haustönn og vetrarfrí framundan. **Nemendur eru í fríi á morgun föstudag og mæta aftur endurnærð miðvikudaginn 29. október samkvæmt stundatöflu.**

Allir nemendur hafa fengið yfirlit yfir skólasókn sent í pósti. Í tengslum við það viljum við í MH vekja athygli á skólasóknarreglum skólans. Reglurnar má finna í heild sinni hér:

<https://www.mh.is/is/namid/skolareglur/skolasoknarreglur>

Meginreglan er sú að nemendur skulu mæta stundvíslega í allar kennslustundir og próf, nema réttmæt forföll hamli. Lágmarksmæting, að teknu tilliti til veikinda og/eða leyfa, er 90%. Miðað er við 80% raunmætingu í hvern áfanga að lágmarki, og er þá átt við raunverulega viðveru í kennslustundum. Í einstaka tilvikum eru gerðar undantekningar frá þessari reglu, enda sé þá um lögmæt forföll og/eða formlegt leyfi frá skólanum um að ræða. Þá er í mörgum áföngum gerð krafa um lágmarks raunmætingu til að námsmat annar gildi og er það tekið fram á námsáætlun.

Ef um langvarandi veikindi er að ræða eða fjarvistir sökum þraláts sjúkdóms, er miðað við 50% raunmætingu að algeru lágmarki og mikilvægt er að viðkomandi sé í sambandi við stoðteymi skólans. Ef nemandi getur ekki uppfyllt það skilyrði er nemandi skráður úr áfanganum og mælt með að viðkomandi fari í veikindaleyfi.

Við viljum í þessu samhengi benda á hvað þessi hlutföll merkja í raun. 90% mæting samsvarar þannig fjarvistum í eina og hálfa viku yfir önnina, 80% samsvarar samtals þriggja vikna fjarvist, og 50% mæting þýðir að nemandi hafi verið fjarverandi í sjö og hálfa viku af fimmtán. Mæting í áfanga er grundvallarforsenda fyrir námi í MH. Í tímum fara t.d. fram mikilvægar innlagnir frá kennurum, umræður um námsefnið, hópavinna og kynningar nemenda. Mikil fjarvera nemenda gerir ekki bara þeim sjálfum óleik, heldur gerir hún einnig alla vinnu hópsins ófyrirsjáanlegri og erfiðari. Tíðar fjarvistir valda auknu álagi á kennara og óánægju með samnemenda.

Góða helgi, stjórnendur MH